



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík 01.09.2021

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 1. september 2021 varðandi eftirfarandi mál.

### **Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2021**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagsfulltrúa, dags. 15. júní 2021, að skipan fulltrúa í vinnuhóp sem gerir tillögu að fegrunarviðurkenningum fyrir endurbætur á eldri húsum og fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna árið 2021.


*Samþykkt.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Bókun Flokks fólksins færð í trúnaðarbók.*

*Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgigögn: Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagsfulltrúa, dags. 15. júní 2021

Reykjavík 27. ágúst 2021/SS

Skipulags- og samgönguráð  
Fyrir fund 1. september 2021

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að fegrunarviðurkenningum Reykjavíkurborgar 2021.

Á/í tengslum við afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst ár hvert eru veittar viðurkenningar fyrir fjölbýlishúsalóðir, stofnana- og atvinnulóðir, frágang við sumargötur og fyrir endurbætur og viðhald á eldri húsum.

**Tillögur að viðurkenningum 2021:**

Fegurstu lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja /stofnana:

- Suðurgata 12
- Lágaleiti 1-9, Vörðuleiti 2 & Efstaleiti 19-27

Endurbætur og viðhald tveggja húsa:

- Lækjargata 5a (Íþaka)
- Tjarnargata 28


Meðfylgjandi gögn eru trúnaðargögn.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur  
Sólveig Sigurðardóttir  
arkitekt / verkefnastjóri

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2021  
Tilnefningar (lóðir)

## Suðurgata 12 (Stoðir eignarhaldsfélag)

Hér er um að ræða gagngera endurnýjun á lóðinni þar sem vel hefur verið vandað til verka. Garðurinn fegrar alla götumynd Suðurgötunnar einnar elstu götu í gömlu Reykjavík. Efnisval og útfærslur eru einstaklega smekklegar og vel leystar ásamt öllu gróðurvali. Lóðin er einnig snyrtileg og viðhaldið er gott. Neðst í lóðinni við gangstétt á Suðurgötu er komið fyrir listaverki eftir Kristinn Hrafnsson sem er skemmtileg viðbót við góða hönnun lóðarinnar.



Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2021  
Tilnefningar (lóðir)

## Lágaleiti 1-9, Vörðuleiti 2 & Efstaleiti 19-27

Lóðin stendur á svokölluðum Rúv. reit sem var skipulagður í takt við áherslur Aðalskipulags Reykjavíkur um þéttingu byggðar. Hér er um að ræða vandaða hönnun á fjölbýlishúsalóð. Gott aðgengi er á lóðinni og aðstæður fyrir börn og fullorðna til fyrirmyndar. Fjölbreyttir notkunarmöguleikar eru fyrir alla aldurshópa. Lóðin er snyrtileg og viðhaldið er gott. Gróðurval á lóðinni er fjölbreytt sem skapar mjúka ásýnd.



Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2021  
Tilnefningar (Hús)

## Lækjargata 5A / Íþaka

Íþaka var reist sem bókhlaða Menntaskólans í Reykjavík árið 1867 og er það hlaðið steinhús úr höggnum grástein. Danski byggingarmeistarinn C Klentz sá um byggingu og líklega hönnun þess. Upphaflega voru útveggir kalkaðir og þak skífulagt. Bogadregnir pottjárnsgluggar prýddu allar hliðar hússins. Upphaflega var inngangur í húsið frá Bókhliðustíg en gatan dregur nafn sitt af húsinu.

Íþaka er partur af elstu og heillegustu götumynd Reykjavíkur en götumyndin (frá Stjórnarráðshúsinu sem stendur nyrst og Íþöku sem stendur syðst) einkennist af húsum sem byggð voru á 18. og 19. öld og eru nú friðlýst. Nýlegar endurbætur á Íþöku sem gerðar voru eftir teikningum Argos arkitekta miðuðust að færa húsið sem næst upprunalegu útliti. Sem dæmi um breytingar utanhúss var bárujárn fjarlæggt af þaki og það skífulagt í upprunalegum stíl. Gert var að upprunalegum pottjárnsgluggum og þeir endurglerjaðir. Þá var útidyrarhurð aftur komið fyrir á upprunalegum stað á suðurgafli hússins. Annar frágangur endurbóta miðaðist við upphaflega gerð hússins og þykir til fyrirmyndar.



Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2021  
Tilnefningar (Hús)

## Tjarnargata 28

Húsið var byggt fyrir Eggert Briem skrifstofustjóra árið 1907 en hönnuður þess er ókunnur. Upphaflegt hús var reist með port, risi og kjallara í bárujárnssveitserstíl sem einkennir byggðina undir Tjarnarbrenniskinni. Gildi hússins er því mikið fyrir þá röð friðlýstra timburhúsa sem reist voru í byrjun 20. aldar í sambærilegum byggingarstíl.

Nýlegar endurbætur á ytra byrði hússins sem gerðar voru eftir teikningum Glámu-Kím arkitekta fólu m.a. í sér að byggja kvist á austurhlíð hússins (Tjarnargötumegin), reisa vegg við lóðarmörk úr grágrýti og mála vegg og tréverk sakvæmt þeim litaupplýsingum sem fundust í húsinu og tíðaranda upprunalegs byggingarstíls. Ofangreindar viðbætur ásamt öðrum endurbótum hafa verið útfærðar af virðingu fyrir upprunalegum stíl hússins og nærumhverfi þess.

